


1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	5.828	5.801	27	0,5%
Laun og launatengd gjöld	25.035	24.247	788	3,3%
Annar rekstrarkostnaður	15.189	13.800	1.388	10,1%
Nettó útgjöld	34.395	32.246	2.149	6,7%

búsetu barna með fjölþættan vanda. Með samkomulaginu skuldbatt ríkið sig til þess að auka hið árlega framlag til sveitarfélaga fyrir tímabilið 1. júní – 31. desember 2025 um 1,7 milljarð kr. vegna kostnaðar sem fellur til við vistun barna með fjölþættan vanda utan heimilis. Heildarframlag ríkisins verður því 2,2 milljarðar kr. fyrir árið 2025. Framlaginu verður útdelt til sveitarfélaga frá mennta- og barnamálaráðuneytinu í lok árs 2025 vegna barna sem hafa fengið staðfestingu á vistun utan heimilis af sérfræðingateyminu sem starfrækt er á grundvelli 20. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Tekjur voru 27 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur frá ríkinu vegna úrskurðar á rýmkun frá réttargeðdeild voru 31 m.kr. og aukið framlag vegna fullorðins fatlaðs einstaklings með fjölþættan vanda að fjárhæð 18 m.kr. vegna 2024. Tekjur vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og þjónustu um samræmda móttöku flóttafólks voru 265 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir og tekjur vegna fjárhagsaðstoðar voru 281 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Laun og launatengd gjöld voru 788 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,3%. Frávik skýrist helst af búsetuþjónustu sem var 495 m.kr. umfram fjárheimildir, dagþjónustu sem var 49 m.kr. umfram fjárheimildir, stuðnings- og stoðþjónustu sem var 159 m.kr. umfram fjárheimildir og hjúkrunarheimilum sem voru 35 m.kr. umfram fjárheimildir. Velferðarsvið greiddi 2.459 stöðugildi að meðaltali á mánuði á tímabilinu en 2.507 stöðugildi voru áætluð fyrir tímabilið. Yfirvinnustundir voru 22.732 tímar að meðaltali á mánuði á tímabilinu en áætlaðir höfðu gert ráð fyrir 15.765 tímum að meðaltali á mánuði. Meðalveikindahlutfall var 8% sem er lækkun um 0,2% frá því í fyrra, veikindahlutfallið samsvarar 196 stöðugildum á mánuði. Langtímaveikindi voru 2,7% á tímabilinu sem er aukning um 0,3% frá því í fyrra, en langtímaveikindahlutfallið samsvarar 66 stöðugildum á mánuði.

Annar rekstrarkostnaður var 1.388 m.kr. umfram fjárheimildir eða 10% sem var hækkun um 524 m.kr. á frávikum milli ára. Frávik skýrist að stærstum hluta af vistun barna og ungmenna utan heimilis með fjölþættan vanda, en kostnaður á tímabilinu var 2.266 m.kr. eða 904 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur frá ríkinu koma til í lok árs.

Rekstur velferðarsviðs fyrstu níu mánuði ársins án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings borið saman við endurskoðaða áætlun 2025 fyrir sama tímabil. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Reglubundinn rekstur sviðsins í heild með bundnum liðum voru 37.189 m.kr. sem var 759 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,1%. Fjárhagsaðstoð var 1.182 m.kr. eða 41% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 207 m.kr. eða 16% innan fjárheimilda. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslufjárhæð vegna þjónustu á grundvelli 15.gr. laga nr. 40/1991 er metin 969 m.kr. á tímabilinu en miðað er við 450 einstaklinga á mánuði.

Rekstur sviðsins án bundinna liða var 34.395 m.kr. sem var 2.149 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,7%. Frávik skýrist helst af rekstrarniðurstöðu Barnaverndar Reykjavíkur sem var 1.626 m.kr. umfram fjárheimildir eða 63% og málaflokki fatlaðs fólks sem var 436 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3%. Í mars á þessu ári var undirritað samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna

Þjónustubættir velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (m.kr)	Raun 2025	Esk áætlun 2025	Mism. á raun og esk áætlun	%	Raun 2024	Mism. milli ára	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	5.336	5.199	137	2,6%	4.942	394	8,0%
Samningar, framlög og styrkir	4.426	4.405	21	0,5%	3.985	441	11,1%
Búsetuþjónusta	11.464	11.205	258	2,3%	10.969	495	4,5%
Félagsmiðstöðvar	554	547	7	1,3%	549	5	0,9%
Dagþjónusta	739	642	97	15,1%	725	13	1,9%
Heimahjúkrun	3	3	0	0,0%	10	-6	-65,3%
Heimastuðningur	1.970	1.981	-11	-0,6%	1.951	19	1,0%
Hjúkrunarheimili	266	211	54	25,6%	326	-60	-18,5%
Þjónustuíbúðir	1.292	1.274	18	1,4%	1.039	253	24,3%
Hælisleitendur og flóttamannaverkefni	141	-5	146	-2835,6%	2	139	6180,0%
Vistgreiðslur	2.558	1.242	1.317	106,0%	2.355	203	8,6%
Stuðnings- og stoðþjónusta	2.782	2.583	199	7,7%	2.624	158	6,0%
NPA	1.739	1.739	0	0,0%	1.620	119	7,3%
Ýmis úrræði	417	401	16	4,0%	320	97	30,2%
Önnur gjöld	709	819	-110	-13,4%	440	269	0,0%
Samtals	34.395	32.246	2.149	6,7%	31.858	2.537	8,0%

Helstu frávik

Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk, heimilislausa og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir var 258 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,3%. Laun og launatengd gjöld voru 495 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5%. Frávik skýrast af yfirvinnu vegna veikinda, yfirvinnustundir voru á tímabilinu janúar til september alls 111.265 tímar á móti 76.456 tímum í áætlun sem eru að meðaltali 12.363 tímar á mánuði. Meðalveikindahlutfall var 7,7% sem er lækkun um 0,1% frá því í fyrra, veikindahlutfallið samsvarar 80 stöðugildum á mánuði. Langtímaveikindi voru 2,1% á tímabilinu sem er það sama og í fyrra, en langtímaveikindahlutfallið samsvarar 22 stöðugildum á mánuði.

Dagþjónusta var 97 m.kr. umfram fjárheimildir eða 15%. Dagdeildir fyrir aldraða voru 37 m.kr. umfram fjárheimildir eða 119%. Laun og launatengd gjöld voru alls 124 m.kr. eða 18,6 m.kr. umfram fjárheimildir. Meðalveikindahlutfall var 6,1% sem samsvarar einu stöðugildi á mánuði og langtímaveikindi var 1% á tímabilinu. Annar rekstrarkostnaður var alls 102 m.kr. eða 13,4 m.kr. umfram fjárheimildir.

Dagþjónusta fyrir fatlað fólk eða vinna og virkni var 60 m.kr. umfram fjárheimildir eða 10%. Laun og launatengd gjöld voru 30 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6%. Annar rekstrarkostnaður var 32,8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 33% og skýrist frávikið helst af flutningum í Skeifuna. Sótt er um framlag á grundvelli e. liðar 2. gr. í reglugerðar nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Meðalveikindahlutfall var 13% á tímabilinu sem samsvarar níu stöðugildum á mánuði. Langtímaveikindi voru 4,2% á tímabilinu sem samsvarar þremur stöðugildum.

Hjúkrunarheimili voru 54 m.kr. umfram fjárheimildir eða 26%. Rekstur Droplaugarstaða á tímabilinu var 238 m.kr. eða 53,5 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 6 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en óbókaðar eru 8,3 m.kr. vegna taxtabreytinga daggjalda. Leiðréttingin var greidd í október. Nýting rýma er 98% og stemma tekjur við uppgjör Sjúkratrygginga Íslands.

Laun og launatengd gjöld voru 1.257 m.kr. eða 35 m.kr. umfram fjárheimildir og liggur frávikið í yfirvinnu og tímavinnu vegna undirmönnunar og veikinda. Meðalveikindahlutfall var 7,7% sem samsvarar níu stöðugildum á mánuði. Langtímaveikindi voru 2,7% á tímabilinu sem samsvarar þremur stöðugildum á mánuði. Til að draga úr frávikum hefur verið set upp aðgerðaráætlun sem að mestu er komin í framkvæmd. Búið er að leggja niður störf, en uppsagnafrestur er þrír mánuðir svo það raungerist 1. febrúar 2026.

Þrjú störf í stoðþjónustu hafa verið lögð niður, stöðugildi deildarfulltrúa fjármála lagt niður, stöðugildi hjúkrunarstjóra lagt niður og 80% stöðugildi verkefnastjóra lagt niður. Í sjúkrahjálfun hefur stöðugildum verið fækkað úr 1,9 í 1,5 eða um 0,4 stöðugildi og í iðjuþjálfun hefur stöðugildi aðstoðarmanns iðjuþjálfva verið lækkað úr 0,7 í 0,5 eða um 0,2 stöðugildi. Þessar aðgerðir eiga að spara sem nemur u.þ.b. 38 m.kr. á ársgrundvelli. Annar rekstrarkostnaður var 362 m.kr. eða 11,5 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af miklum kostnaði vegna lyfja og sjúkravara.

Sjúkratryggingar Íslands hafa gert samkomulag við Reykjavíkurborg um að fresta frekari framkvæmd uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar til og með 31. desember 2025. Sjúkratryggingar halda áfram að greiða 8,6 m.kr. á mánuði til viðbótar við smæðarálag, húsnæðisgjöld og daggjöld vegna nýtingar átta hvíldar- og biðhjúkrunarrýma.

Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur voru í heild 1.317 m.kr. umfram fjárheimildir eða 106% sem var hækkun um 165 m.kr. á frávikum milli ára. Þar af var frávik vegna þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda 721 m. kr. umfram fjárheimildir eða 143% og annar kostnaður vegna vistgreiðslna og hvíldardvala 595 m.kr. umfram fjárheimildir eða 81%. Ríkið tekur að sér framkvæmd og ber ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem búsett eru utan heimilis, og hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi, eigi síðar en 1. janúar 2026. Reykjavíkurborg ber kostnað vegna þjónustu við þennan hóp barna t.d. í formi samninga við einkaaðila sem og reksturs heimila fyrir börn með fjölþættan vanda. Samkomulagið kveður á um að frá og með 1. júní greiði ríkið 1,7 ma.kr. aukalega við þær 500 m.kr. sem áður var ráðstafað til vistunar barna utan heimilis fyrir allt landið.

Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd var 146 m.kr. umfram fjárheimildir. Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd var 68 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 203 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir vegna uppsagnar á samningi um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Notendur fluttust úr úrræðum borgarinnar yfir til ríkisins um miðjan júní. Laun og launatengd gjöld voru 39 m.kr. innan áætlunar þannig að útgjöld hafa lækkað vegna uppsagnar á samningnum.

Móttaka flóttafólks var 78 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 62 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 12 m.kr. yfir áætlun. Greiningarvinna fór fram á mönnunarpörf og skipulagi þjónustu um samræmda móttöku flóttafólks vegna fækkunar notenda þjónustusamningi. Vegna breyttra forsendna og eftir mat á þörfum og skipulagi þjónustunnar og með hliðsjón af forgangröðun fjármuna var tekin ákvörðun um að fækka stöðugildum í teymi um samræmda móttöku flóttafólks. Starfsfólki sem fékk ekki áframhaldandi starf var boðinn stuðningur og samtal við mannauðsráðgjafa í mannauðsþjónustu velferðarsviðs við að finna annað starf á sviðinu.

Unnið er af því að endurnýja samninginn við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks, sem fjármagnar þennan málaflokk, og er gert ráð fyrir því að hann gildi út árið 2026.

Stuðnings- og stoðþjónusta og þar með taldar skammtímadvalir og stuðningsfjölskyldur voru 199 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Laun og launatengd gjöld voru 1.947 m.kr. eða 159 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af stuðnings- og stoðþjónustu sem var 139 m.kr. umfram heimildir. Meðalveikindahlutfall var 7,6% á tímabilinu sem samsvarar 14 stöðugildum á mánuði. Langtímaveikindi voru 3,2% á tímabilinu sem samsvarar sex stöðugildum á mánuði.

Annar rekstrarkostnaður var 837 m.kr. eða 42,6 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af skammtímadvölum sem voru 62 m.kr. umfram fjárheimildir. Stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda voru 14,7 m.kr. umfram fjárheimildir og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna voru 17 m.kr. umfram fjárheimildir.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	177	111	66	59,5%
Laun og launatengd gjöld	11.637	11.131	506	4,5%
Annar rekstrarkostnaður	5.963	5.966	-3	0%
Nettó útgjöld	17.423	16.987	436	2,6%

einstaklings með fjölþættan vanda að fjárhæð 18 m.kr. vegna 2024.

Laun og launatengd gjöld voru 11.637 m.kr. eða 506 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,5%. Frávik skýrist helst af því að búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk var 468 m.kr. umfram fjárheimildir og dagþjónusta (vinna og virkni) í málefnum fatlaðs fólks var 30 m.kr. umfram fjárheimildir. Velferðarsvið greiddi 1.155 stöðugildi að meðaltali á mánuði á tímabilinu en 1.112 stöðugildi voru áætluð fyrir tímabilið. Yfirvinnustundir voru 12.406 tímar að meðaltali á mánuði á tímabilinu en áætlaðir höfðu verið 8.859 tímar að meðaltali á mánuði. Meðalveikindahlutfall var 8,1% sem er hækkun um 0,3% frá því í fyrra, veikindahlutfallið samsvarar 94 stöðugildum á mánuði. Langtímaveikindi voru 2,4% á tímabilinu sem er hækkun um 0,4% frá því í fyrra, langtímaveikindahlutfallið samsvarar 27 stöðugildum á mánuði. Kostnaður vegna langtímaveikinda var 146 m.kr. en áætlun fyrir tímabilið var 135 m.kr.

Annar rekstrarkostnaður var 5.963 m.kr. sem er samkvæmt áætlun fyrir tímabilið. Frávik vegna þjónustu við fötluð börn og ungmenni með fjölþættan vanda voru 183 m.kr. umfram fjárheimildir eða 21%. Frávik vegna dagþjónusta fyrir fatlað fólk eða vinna og virkni var 32,8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 33% og skýrist frávikid helst af flutningum í Skeifuna. Sótt er um framlag á grundvelli e. liðar 2. gr. í reglugerðar nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Unnið er út frá aðgerðaáætlun til ársins 2026 til að náfrávik í málaflokknum niður.

Rekstur sviðsins í málefnum fatlaðs fólks var 17.423 m.kr. sem var 436 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,6%. Eftir er að lesa inn viðauka að fjárhæð 61 m.kr. Frávikid í málaflokknum hefur lækkað um 109 m.kr. saman borið við sama tímabil 2024.

Tekjur voru 177 m.kr. eða um 66 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik skýrist helst af úrskurði á rýmkun frá réttargeðdeild sem var 31 m.kr. og auknu framlagi vegna fullorðins fatlaðs

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	969	688	281	41%
Gjöld	3.763	4.872	-1.109	-23%
Nettó útgjöld	2.794	4.184	-1.390	-33%

sérstaks húsnæðisstuðnings námu 731 m.kr. Endurgreiðsla frá ríkinu mun koma til með að lækka kostnað vegna fjárhagsaðstoðar.

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Gjöld bundinna liða voru 3.763 m.kr. sem var 1.109 m.kr. eða 23% innan fjárheimilda. Nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 1.244 m.kr. og nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 2.658 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sem var 901 m.kr. innan fjárheimilda eða 25,3%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Upphæðin fyrir tímabilið janúar-september liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að endurgreiðslan gæti numið allt að 969 m.kr. m.v. um 450 einstaklinga á mánuði.

Fjárhagsaðstoð (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Áætlaðar tekjur v. endurgreiðslu 15 gr.	-969	-688	-281	-40,9%
Framfærslustyrkur	1.942	2.653	-711	-26,8%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	345	520	-174	-33,5%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	351	351	0	0,1%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	19	36	-16	-45,5%
Nettó útgjöld	1.689	2.871	-1.183	-41,2%

Fjárhagsaðstoð: Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 2.658 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sem var 901 m.kr. innan fjárheimilda eða 25,3%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.


Upphæðin fyrir tímabilið janúar-september liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að endurgreiðslan gæti numið allt að 969 m.kr. m.v. um 450 einstaklinga á mánuði.

Framfærslustyrkur nam 1.942 m.kr. sem var 711 m.kr. eða 26,8% innan fjárheimilda. Notendum hefur fækkað um 435 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 19,4% og eru nú 1.813 notendur sem hafa fengið framfærslustyrk á árinu.

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-sept 2025	Fjöldi jan-sept 2024	Br. milli ára	%
Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur	672	786	-114	-14,5%
Framfærslustyrkur	2.155	2.608	-453	-17,4%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	1.224	1.651	-427	-25,9%
Fjárhagsaðstoð alls	2.736	3.369	-633	-18,8%

Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu sem voru 2.736, þar af fengu 2.155 framfærslustyrk og 1.224 heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar. Línuritíð sýnir fjölda í hverjum mánuði samanborið við sama tímabil í fyrra. Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar hefur fækkað ört á árinu, en batnandi

efnahagsástand og mikil fækkun flóttafólks eru helstu ástæðunnar fyrir þeirri þróun.



Heimildargreiðslur voru alls 716 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 345 m.kr. sem var 174 m.kr. innan fjárheimilda eða 33,5%. Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna námu 351 m.kr. og er á fjárheimildum. Heimildargreiðslur á grundvelli 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru innan fjárheimilda um 16 m.kr. eða 45,5%. Heimildargreiðslur í heild voru því 190 m.kr. innan fjárheimilda. Heimildargreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fækkað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur á þriðja ársfjórðungi 2025 var 1.224 sem er fækkun um 427 notendur eða 25,9% miðað við þriðja ársfjórðung 2024.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Nettó útgjöld voru 1.105 m.kr. sem var 208 m.kr. eða 15,8 % innan fjárheimilda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum markaði	463	573	-110	-19,2%
Sérstakur húsnæðisstuðningur félagslegu húsnæði	642	740	-98	-13,2%
Nettó útgjöld	1.105	1.313	-208	-15,8%

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði var 463 m.kr. eða 110 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum fækkaði um 23 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda sem fá sérstakan húsnæðisstuðning á tímabilinu, sem er 2.061 á almennum markaði og 2.148 í félagslegu húsnæði. Línuritíð sýnir fjölda í hverjum mánuði samanborið við sama tímabil í fyrra.

Notendur sérstaks húsnæðisstuðnings (fjöldi)	Fjöldi í Jan-Sep 2025	Fjöldi Jan-Sep 2024	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum markaði	2.061	2.084	-23	-1,1%
Sérstakur húsnæðisstuðningur félagslegu húsnæði	2.148	2.153	-5	-0,2%
Samtals	4.209	4.237	-28	-0,7%

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði var 642 m.kr. eða 98 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fækkaði um 5 frá sama tímabili 2024.

Tekjumörk voru hækkuð um 4,3% í samræmi við lög um húsnæðisbætur og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2025. Eignamörk voru hækkuð um 4,3% í samræmi við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2025.

Ríkið hefur samþykkt að endurgreiða sveitarfélögum sérstakan húsnæðisstuðning sem veittur er erlendum ríkisborgurum í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhæðin fyrir tímabilið liggur ekki fyrir en áætlað er að endurgreiðslan gæti numið allt að 30 m.kr.

Fjöldi notenda á mánuði með sérstakan húsnæðisstuðning síðustu 12 mánuði

